

LÖG

**um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Næstsíðasta málsgrein 11. gr. hljóðar svo:

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Erindisbréf handa biskupum, 1. júlí 1746.

- a. Síðari málsliður 18. gr. falli niður.
- b. 2. málsli. 21. gr. falli niður.

2. gr.

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

- a. 5. gr. orðist svo:
Nú drepur maður dýr eða veiðir án heimildar í annars manns landi og varðar það sektum.
- b. 2. mgr. 7. gr. falli niður.
- c. 3. málsli. 8. gr. falli niður.
- d. 9.–21. gr. falli niður.
- e. Ný grein, 9. gr., orðist svo: